

Þriðjudaginn 22. febrúar 1983.

Nr. 121/1980. **Rithöfundasamband Íslands**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Sjöfn Mörtu Haraldsdóttur,

Eygló Ólöfu Haraldsdóttur

(Árni Guðjónsson hrl.)

Petru J. Aradóttur

Ragnheiði Aradóttur

Guðrúnu Aradóttur

Stefáni Benkovic Mikaelssyni

(enginn)

landbúnaðarráðherra f. h.

Skógræktar ríkisins og

(Sigurður Ólason hrl.)

skiptaráðandanum í Reykjavík f. h.

dánarbús Önnu Aradóttur

(enginn).

Arfleiðsluskrá. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. júlí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst þess, að erfðaskrá Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 verði lögð til grundvallar skiptum á dánarbúi hennar. Í málflutningi var sú krafa þó skýrð þannig, að hún tæki einungis til helmings eigna dánarbúsins vegna ákvæða í hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Stefáns Jónssonar og Önnu Aradóttur 5. janúar 1950 um erfðarétt lögerfingja Stefáns. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefndu Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur og Eyglóar Ólafar Haraldsdóttur.

Stefndu Sjöfn Marta Haraldsdóttir og Eygló Ólöf Haraldsdóttir krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þann-

ig, að tekið verði tillit til breytts verðgildis íslensks gjaldmiðils 1. janúar 1981. Þær krefjast einnig málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. Skógræktar ríkisins, sem eigi hefur gagnáfrýjað málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar að því er snertir dánargjöf til hans að fjárhæð 2.000.000 krónur (gkr.), en þó þannig, að af því fé, 20.000.00 krónum (nýkr.), verði honum dæmdir 19% ársvextir frá 24. ágúst 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 31. október 1982 og 42% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Önnu Aradóttur, Petra J. Aradóttir, Ragnheiður Aradóttir, Guðrún Aradóttir og Stefán Benkovic Mikaelsson hafa ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, og er þeim þó löglega stefnt.

Lögerfingjar Önnu Aradóttur eru samkvæmt gögnum málsins þessir: systur hennar, stefndu Petra, Ragnheiður og Guðrún, og systurdætur hennar, stefndu Sjöfn Marta og Eygló Ólöf. Lögerfingjar Stefáns Jónssonar eru Valgeir, sonur Sigurðar, bróður Stefáns, og börn Guðmundar, hálfbróður Stefáns, þau Árni, Ásgeir, Eysteinn, Jón, Kristín, Ólína og Sigriður. Lögerfingjar Stefáns hafa látið ágreining um skiptin afskiptalausar, en ágreiningslaust er, að helmingur eigna dánarbúsins skuli falla í arf til þeirra.

Samkvæmt uppskriftargerð, er fram fór 22. september 1978, voru innanstokksmunir virtir á samtals 1.367.500 krónur, en eigi á 324.000 krónur, eins og segir í hinum áfrýjaða úrskurði. Þar af voru innanstokksmunir í skrifstofu Stefáns Jónssonar virtir á 124.500 krónur.

Erfðaskrá sína 14. ágúst 1972 afturkallaði Anna Aradóttir með erfðaskránni 5. mars 1976. Öðlast hún ekki gildi að nýju, þótt hin síðari erfðaskrá verði metin ógild. Byggir og enginn aðilja rétt á þeirri erfðaskrá.

Í 5. gr. erfðaskrárinnar 5. mars 1976 segir, að vilji áfrýjandi ekki taka við íbúðinni í Hamrahlíð 9 eða höfundarétti að ritum Stefáns

Jónssonar, skuli hvort tveggja renna til norrænudeildar Háskóla Íslands. Felst í þessu vísbending um, að við arfleðslu sína til áfrýjanda hafi Anna Aradóttir ekki ætlast til þess, að verðmæti þau, er hún ánafnaði honum, féllu í hans hlut nema sem ein heild.

Ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár stendur því ekki í vegi, að virt verði fyrirmæli í 4. tl. erfðaskrárinnar frá 5. mars 1976 um ráðstöfun innanstokksmuna svo og bóka, merktum Ara Stefánssyni, til ættingja Önnu Aradóttur. Ber því eftir því að fara við búskiptin.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar og til þess, er áður segir um kröfugerð aðilja hér fyrir dómi, og að málinu er ekki gagnáfrýjað ber að staðfesta úrskurðinn með þeirri breytingu, er leiðir af því, sem síðast var greint, en ekki verður í Hæstarétti dæmt um vaxta-kröfu Skógræktar ríkisins, sem ekki hefur verið borin undir skiptaréttinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gilt telst ákvæði erfðaskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 um framangreinda innanstokksmuni og bækur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara og
Guðrúnar Erlendsdóttur, setts hæstaréttardómara.**

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, gerði Anna Aradóttir tvær arfleðsluskrár eftir lát eiginmanns síns, Stefáns Jónssonar, Með þeim báðum ráðstafaði hún öllum eftirlátnum eigum þeirra hjóna, þótt henni væri óheimilt að ráðstafa nema sínum helmingi eignanna vegna ákvæðis þar um í hinni sameiginlegu og gagnkvæmu arfleðsluskrá þeirra frá 5. janúar 1950. Með síðari arfleðsluskrá sinni 5. mars 1976 afturkallaði Anna fyrri arfleðsluskrána frá 14. ágúst 1972.

Ljóst er af báðum arfleiðsluskránum, sem Anna gerði, að hún hefur viljað verja eftirlátnum eignum sínum fyrst og fremst í því skyni að heiðra og halda á loft minningu hins látna eiginmanns síns. Í þessu skyni hefur hún ætlast til, að mestur hluti eignanna rynni til Rithöfundasambands Íslands með tilteknum skilyrðum og nokkur hluti til Skógræktar ríkisins. Það er jafnframt ljóst, að hún hefur ranglega staðið í þeirri trú, að henni væri heimilt að ráðstafa öllum eftirlátnum eignum þeirra hjónanna beggja, en ekki aðeins helmingi þeirra. Engu að síður þykir verða að túlka erfðaskrána þannig, að virtur verði vilji hennar um ráðstöfun eigna hennar, að svo miklu leyti sem það er hægt miðað við þá villu, sem hún hefur staðið í, og þannig, að ekki fari í bága við rétt erfingja Stefáns.

Í úrskurði skiptaréttarins eru staðfest þau ákvæði arfleiðsluskrárinnar frá 5. mars 1976, sem greinir í 1. og 2. tölulið hennar. Hins vegar er þar ekki vikið að því, að Skógrækt ríkisins skyldi fá nokkra viðbótargreiðslu samkvæmt 3. tölulið arfleiðsluskrárinnar, ef afgangs yrði „laust fé“, svo sem verið hefur samkvæmt uppskriftargerðinni. Úrskurðinum hefur ekki verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda Skógræktar ríkisins og engum athugasemdum hreyft við úrskurðinum að þessu leyti. Verður niðurstöðu hans um þetta því ekki breytt. Ekki verður séð, að stefndi Skógrækt ríkisins hafi sett fram kröfur fyrir skiptaréttinum um vexti af fjárhæð þeirri, er henni fellur í té samkvæmt framansögðu. Verður ekki dæmt um það atriði í Hæstarétti. Af hálfu áfrýjanda hefur engum athugasemdum verið hreyft við niðurstöðu úrskurðar skiptaréttarins um framangreinda töluliði. Verður hann því staðfestur að því er þá varðar.

Samkvæmt uppskriftargerð 22. september 1978 og matsgerð 30. nóvember 1979, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, voru eignir dánarbús Önnu þessar:

1. Íbúð á efri hæð hússins nr. 9 við Hamrahlið	kr.	84.500.00
2. Innstæður í bönkum og peningar	—	63.489.92
3. Spariskírteini, skuldabréf o. fl.	—	1.550.00
4. Innanstokksmunir á skrifstofu Stefáns	—	1.245.00
5. Annað innbú	—	12.430.00
6. Bækur	—	32.000.00
7. Höfundaréttur	—	61.100.00

Alls kr. 256.314.92

Sá hluti dánarbúsins, sem Anna hefði mátt ráðstafa með arfleiðsluskrá, hefði samkvæmt þessu numið 128.157.46 krónum, en hafa ber í huga, að framangreind virðing til fjár gefur ekki rétta mynd af raunverði eigna dánarbúsins. Þannig er í uppskriftargerðinni miðað við fasteignamat íbúðarinnar og nafnverð spariskirteina, en raunverð þessara eigna hefur verið mun hærra.

Með hliðsjón af framanritaðri uppskriftargerð verður ekki talið, að ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðsluskrár standi því í vegi, að tekin verði til greina fyrirmæli 4. töluliðs arfleiðsluskrárinnar frá 5. mars 1976 um ráðstöfun innanstokksmuna og bóka merktra Ara Stefánssyni. Ber að haga búskiptum samkvæmt því. Hins vegar verður að telja, að önnur þau verðmæti, sem greind eru í þessum tölulið, íbúðin og bækurnar, séu svo mikill hluti heildareigna dánarbúsins, að ekki sé hægt að taka fyrirmæli arfleiðsluskrárinnar um ráðstöfun þeirra til greina, þannig að í nokkru samræmi verði við vilja arfleiðanda, nema raskað sé rétti erfingja Stefáns.

Að því er snertir ákvæði 5. töluliðs arfleiðsluskrárinnar verður ekki talið, að neitt sé því í vegi, að fyrirmæli hans séu tekin til greina. Verður ekki séð, að með því sé skertur á ölögðmætan hátt réttur erfingja Stefáns, og þessi ráðstöfun arfleiðanda þykir svo sjálfstæð, að hún fái staðist, hvað sem liður öðrum ráðstöfunum samkvæmt arfleiðsluskránni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða okkar sú, að taka beri til greina þau ákvæði arfleiðsluskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976, sem að framan eru talin. Að öðru leyti skuli hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá þeirra Önnu og Stefáns gilda, þannig að lögerfingjar Önnu fái í sinn hlut þann hluta dánarbúsins, sem eftir verður, þegar búið er að greiða lögerfingjum Stefáns sinn helming af andvirði allra eigna dánarbúsins, en öðrum erfingjum sinn hluta samkvæmt framansögðu.

Við teljum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. mars 1980.

Sóknaraðiljar máls þessa, Sjöfn Marta Haraldsdóttir, Hjarðarhaga 36, og Eygló Ólöf Haraldsdóttir, Auðbrekku 25, hafa gert þessar réttarkröfur: *Aðallega*, að til grundvallar skiptum á dánarbúi hjónanna Stefáns Jóns-

sonar og Önnu Aradóttur verði lögð sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá þeirra gerð þann 5. janúar 1950, en erfðaskrár Önnu Aradóttur, gerðar 14. ágúst 1972 og 5. mars 1976, verði metnar ógildar. Til vara, að til grundvallar skiptunum verði lögð erfðaskráin frá 5. janúar 1950, enn fremur, að 1. og 2. gr. erfðaskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 verði metnar gildar erfðaráðstafanir, en erfðaskrá hennar frá 14. ágúst 1972 og önnur ákvæði erfðaskrár hennar frá 5. mars 1976 verði metin ógild. Þess er krafist, að varnaraðili, Ríthöfundasamband Íslands, verði í báðum tilfellum úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Varnaraðili, Ríthöfundasamband Íslands, hefur gert þær réttarkröfur, að til grundvallar skiptunum verði lögð erfðaskrá Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 og að sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða varnaraðilja málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 18. febrúar þ. á.

Þann 5. janúar 1950 undirrituðu hjónin Anna Aradóttir og Stefán Jónsson ríthöfundur, bæði til heimilis Hamrahlíð 9 hér í borg, sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Er skráin á þessa leið:

„Við undirrituð hjón, ég Stefán Jónsson og ég Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9 í Reykjavík, sem eigum enga lifserfingja, gerum með okkur svofellda arfleiðsluskrá:

1. Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, sem fyrr læzt að öllum eigum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnist.

2. Verði hjúskap okkar slitið að báðum lifandi eða ef við skiljum að borði og sæng, skal þó fara um erfðir okkar samkvæmt lögum. Sama skal og vera, ef okkur verður lifserfingja auðið saman.

3. Eftir lát þess okkar, sem lengur lifir, skal búinu skipt að jöfnu milli lögerfingja okkar eftir almennum fyrirmælum laga, þannig að miðað sé við erfðaréttindi erfingjans hvors um sig eins og þau eru við andlát þess, sem síðar deyr.

4. Það, sem lengur lifir, má ekki ráðstafa með arfleiðsluskrá eða dánargjafagerningi eignum þeim, er það fær samkvæmt arfleiðsluskrá þessari, þannig, að í bága komi við réttindi efingja þess, er fyrr læzt.

5. Arfleiðsluskrá þessari getur hvorugt okkar rift, án samþykkis hins. Þó getur hvort um sig breytt henni að því er snertir lögerfingja þess er breytir.

6. Arfleiðsluskrá þessa undirrituðum við í viðurvist notarii publici í Reykjavík, og skal hún innfærð í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal hafa sama gildi og frumrit arfleiðsluskrárinnar, ef það skyldi glatast.“

Stefán Jónsson lést þann 14. maí 1966. Skipti fóru þá ekki fram. Anna

Aradóttir lést 24. ágúst 1978. Lífserfingjar eru ekki í búinu. Dánarbú þeirra hefur verið til meðferðar við skiptarétt Reykjavíkur.

Við uppskrift, sem fram fór þann 22. september 1978, komu fram eignir, sem hér að neðan verður getið í stærstu dráttum, ásamt matsverði:

Íbúð á efri hæð fasteignarinnar nr. 9 við Hamrahlíð,	
39% fasteignarinnar, og er fasteignamat íbúðarinnar ..	kr. 8.450.000
Innstæður í bönkum og peningum	— 6.348.992
Spariskirteini, skuldabréf, nafnv.	— 155.000
Innanstokksmunir	— 324.000

Þá liggur fyrir matsgerð þeirra Baldvins Tryggvasonar lögfræðings og dr. Gauks Jörundssonar prófessors, sem voru kvaddir til að meta höfundarétt að verkum Stefáns Jónssonar og bókasafn búsins. Þessi matsgerð er dagsett 30. nóvember 1979 og niðurstaðan sú, að höfundaréttur er metinn á kr. 6.100.000, en bókasafn á kr. 3.200.000.

Við uppskriftina komu fram erfðaskrár undirritaðar af Önnu Aradóttur í viðurvist notarii publici. Fyrri skráin, rskj. 4, gerð þann 14. ágúst 1972, er svolátandi:

„Ég undirrituð Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9, Reykjavík, sem er fjárráða og á enga lífserfingja geri hér með svofellda

A r f l e i ð s l u s k r á :

Þegar búið er að greiða útfararkostnað minn og ganga vel frá leiði okkar hjónanna, er það vilji minn, að eignum mínum verði ráðstafað þannig:

1. Handrit, dagbækur og annað, sem eiginmaður minn Stefán Jónsson hefir skrifað óskast geymt í Þjóðskjalasafninu. En höfundaréttur að bókum hans og ritum skal falla til Norrænudeildar Háskóla Íslands og verði tekjum af honum varið til að styrkja bókmenntafræðinga og bókmenntanemendur, sem rannsaka rit Stefáns.

2. Bókasafn Stefáns fellur til bókasafns Elliheimplisins í Borgarnesi. Það skal vera sérdeild í bókasafninu, merkt nafni Stefáns.

Bækur merktar Ara Stefánssyni, föður mínum, falla þó til ættingja minna.

3. Stefán Benkovic Mikaelsson, sonur Sigríðar Guðmundsdóttur bróðurdóttur Stefáns eiginmanns míns, til heimilis Ljósavallagötu 22, fær kr. 500.000. — fimm hundruð þúsund 00/100 — í peningum, sem verja skal til að greiða námskostnað hans eða honum til þroska á einhvern hátt.

Innbú fellur til ættingja minna.

4. Allar aðrar eignir mínar fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast, falla til Skógræktar ríkisins, enda skal Skógræktinni skylt að nota þær til

að koma upp sérstökum trjálundi að Hallormsstað, sem beri nafn okkar hjónanna. Stefán Jónsson, rithöfundur og kona hans Anna Aradóttir.

Arfleðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Skal hún færð í notarialbók Reykjavíkur, og er endurrit úr þessari bók jafngilt frumritinu, ef það skyldi glatast.“

Síðari skráin, gerð 5. mars 1976, rskj. 5, er á þessa leið:

„Ég undirrituð Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9, Reykjavík, sem er fjárráða, og á enga lífserfingja, geri hér með svofellda

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

Þegar búið er að greiða útfararkostnað minn og ganga vel frá leiði okkar hjóna, Stefáns Jónssonar, rithöfundar og mínu, er það vilji minn, að eignum mínum verði ráðstafað þannig:

1. Stefán Benkovic Mikaelsson, sonur Sigríðar Guðmundsdóttur, bróðurdóttur Stefáns eiginmanns míns, nú til heimilis að Ljósvallagötu 22, Reykjavík, fær 1.000.000.- — eina milljón 00/100 í peningum.
2. Skógræktin að Hallormsstað fær kr. 2.000.000.- — tvær milljónir 00/100 í peningum.
3. Verði afgangs laust fé, þegar búið er að inna af hendi greiðslur samkvæmt tölulíðum 1 og 2, skal það renna til Skógræktarinnar að Hallormsstað til viðbótar. Verði lausafé ekki nægilegt til að inna af hendi greiðslur samkvæmt tölulíðum 1 og 2 ber þeim sem fær íbúð mína að inna það af hendi eða það sem á vantar, þegar í stað við skiptin.
4. Rithöfundasamband Íslands fær: íbúð mína að Hamrahlíð 9, í Reykjavík, ásamt bókum, sem í henni eru, öðrum en þeim, sem merktar eru Ara Stefánssyni föður mínum, þær skuli ásamt innanstokksmunum afhendast ættingjum mínum sbr. þó undirlið b. hér að neðan. Ofanagreind ráðstöfun er bundin eftirfarandi skilmálum:
 - a. Rithöfundasamband Íslands skal inna af hendi greiðslur samkvæmt tölulíðum 1. og 2. skv. 3. tölulíð.
 - b. Skrifstofa eiginmanns míns Stefáns Jónssonar rithöfundar verði látin standa óhreyfð með bókum og munum, sem í henni eru við fráfall mitt, öðrum bókum, sem í íbúðinni eru og ekki hefur verið ráðstafað á annan hátt, verði einnig komið fyrir í skrifstofunni. Bækur úr safninu má ekki fara með út úr íbúðinni. Umgang um skrifstofuna má aðeins leyfa undir eftirliti þeirra, sem ábyrgð bera á húsnæðinu hverju sinni, og svo til ræstinga. Íbúðin verði að öðru leyti notuð sem bækistöð Rithöfundasambandsins, þar sem það hafi skrifstofu sína, haldi stjórnarfundum og aðra fámennari fundi á vegum þess.
 - c. Húsnæði og fylgifé sé jafnan vel vátryggt.

d. Ræsting og viðhald húsnæðisins sé með þeim hætti, að hvort tveggja beri sannri snyrtimennsku vitni.

e. Ávallt sé sýnd skyld tillitsemi við aðra eigendur hússins, svo að hér megi ríkja góður sambýlisandi, og Rithöfundasambandið ræki til fullnustu að sínum hluta viðhald og hirðingu lóðar, svo að meðeigendur telji sig mega vel við una.

f. Nú kann svo til að bera vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að húsnæðið verði óhæft til þeirra nota, sem því voru ætluð, t. d. vegna eldsvoða, eða Rithöfundasambandið telji sér illa henta að hafa þar bækistöð vegna breyttrar byggðaskipunar eða af öðrum sökum og vilji flytja hana í annan stað. Skal þá trygginga- eða sölufé varið til kaupa á öðru eigi lakara húsnæði, sem nýtt verði í samræmi við þann tilgang minn að heiðra minningu eiginmanns míns Stefáns Jónssonar rithöfundar með því að ljá samtökum höfunda lið í baráttu þeirra fyrir bættum hag skapandi rithöfunda og virðingu islenzkra bókmennta.

5. Rithöfundasamband Íslands skal enn fremur fá óskoraðan höfundar- og útgáfurétt að öllum prentuðum og óprentuðum hugverkum mannsins míns, Stefáns Jónssonar rithöfundar, í fullu trausti þess, að meðan þau njóti verndar að höfundarlögum, gæti Rithöfundasambandið höfundarsæmdar hans í hvivetna eins og ætla mætti, að sómakær höfundur gætti heiðurs síns sjálfur. Öllum arði, sem verða kann af höfundaréttinum og útgáfuréttinum (svo sem af framsölu á rétti til útgáfu þeirra í bókarformi, eða að hluta í kennslubókum, safnrítum, blöðum eða tímarítum, utanlands eða innan, rétti til kvikmyndunar, útgáfu á plötum, afnota í almenningubókasöfnum, flutningsrétti í útvarpi eða í sjónvarpi eða með öðrum hætti) skal varið á eftirfarandi hátt:

Stofna skal sérstakan sjóð, sem Rithöfundasamband Íslands gætir og ávaxtar með þeim löglegum hætti, sem arðsamastur er talinn á hverjum tíma; Rithöfundasambandið setur sjóðnum reglur og stjórn, ef þurfa þykir; fé sjóðsins skal varið til stuðnings mönnum eða stofnunum innlendum eða erlendum, sem vinna að bókmenntalegri kónnum á verkum Stefáns Jónssonar, eða rannsókn á ævi- og höfunduferli hans; verja má til þess öllu fé, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma; Rithöfundasambandið getur sjálft átt frumkvæði að slíkum rannsóknarstörfum, t. d. falið einstaklingum eða stofnunum tiltekin verkefni og varið fé sjóðsins til að standa straum af kostnaðinum; einnig er því heimilt að veita af fé þessu styrki til útgáfu á niðurstöðum umræddra rannsókna.

Safnist með tíð og tíma meira fé í sjóð þennan en þörf er talin í framangreindu skyni að beztu manna yfirsýn, er Rithöfundasambandinu heimilt, þá er höfundarréttur að verkum Stefáns hættir að njóta lagaverndar, að

breyta svo reglum sjóðsins, að fjármunum hans verði jafnframt varið til örvunar höfundum íslenskra barna- og unglingabóka, sem af þykja bera að bókmenntalegu gildi.

Vilji Rithöfundasamband Íslands ekki taka við íbúð minni, eða höfundarétti Stefáns með ofangreindum skilmálum skal íbúðin og höfundarétturinn renna til norrænudeildar Háskóla Íslands gegn sömu skilmálum og áður var talið gagnvart Rithöfundasambandi Íslands.

Erfðaskrá mín dagsett 14. ágúst 1972 er ógild.

Arfleðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Skal hún færð inn í notarialbók Reykjavíkur, og er endurrit úr þeirri bók jafngilt frumritinu, ef það skyldi glatast.“

Á skiptafundi í búinu þann 24. október 1978 var gerð svolátandi bókun: „Ættingjar Stefáns Jónssonar taka fram, að þeir treysti á gildi sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrárinnar á dskj. nr. 2, en láti afskiptalaust, hvernig Anna heitin Aradóttir hafi notað heimild sína til þess að ráðstafa helmingi búans, og þess vegna láti þeir ágreining um erfðaskrána á dskj. 3 afskiptalaus.“

Sóknaraðiljar þessa skiptaréttarmáls, Sjöfn Marta Haraldsdóttir og Eygló Ólóf Haraldsdóttir, eru systradætur Önnu Aradóttur. Réttarkröfum þeirra er lýst hér að framan. Þær halda því fram, að röng hugmynd Önnu hafi ráðið efni erfðaskrána 1972 og 1976. Enda þótt henni hafi aðeins verið fært að ráðstafa helmingi eigna búans, en til þess hafi hún haft alla heimild, hafi hún í þessum skráum ráðstafað öllum eignunum og ljóslega staðið í þeirri trú, að það væru hennar eigin eignir. Orðahljóðan skrána sýni þetta, t. d. ræði hún jafnan um „sína íbúð“ og í stuttu máli komi margsinnis fram, að hún hafi alls ekki gert sé grein fyrir því, hverju hún mætti ráðstafa með erfðaskrá. Hinum sömu ranghugmyndum beri það einnig vitni, að hún svipti lögerfingja sína arfi til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar á sama tíma og lögerfingjar hans fengju fulla greiðslu á sínu erfðatilkalli úr búinu. Ætti þetta því að verða til þess, að skráin 5. mars 1976 verði metin ógild, og vísa sóknaraðiljar hér að lútandi til 38. gr. laga nr. 8/1962. Í því sambandi beri einnig að athuga, að Anna hafi lagt algera áherslu á það, að eignirnar haldi áfram að vera ein heild, á nánar tiltekinn hátt, í þeim brýna tilgangi að heiðra minningu Stefáns Jónssonar. Nú sé það ljóst, að ekkert liggi fyrir um það, að erfingjar Stefáns fallist á þá ráðstöfun, enda sé þar líka um að ræða brýnt brot á hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá. Einnig af þessari ástæðu hljóti skráin að metast ógild skv. aðalefni sínu, þar sem henni verði naumast fullnægt, án þess að gersamlega verði brotið í bága við aðaltilgang hennar. En 38. gr. erfðalaga leyfi þó, að einstök ákvæði erfðaskrár verði túlkuð sérstak-

lega. Það mætti þannig e. t. v. fallast á það, að 1. og 2. gr. erfðaskrárinnar 1976 gætu staðist, þar eð peningaeign búsins leyfi, að þessar fjárhæðir verði greiddar úr búinu, án þess að gengið verði á tilkallsrétt erfingja Stefáns Jónssonar að því leyti. Varakrafa sóknaraðiljanna byggist á þessum sjónarmiðum.

Það er viðurkennt af hálfu varnaraðiljans, Rithöfundasambands Íslands, að Anna Aradóttir hafi ekki mátt ráðstafa þeim helmingi eigna búsins, sem lögerfingjum Stefáns Jónssonar ber við skiptin. En hins vegar er því mótmælt, að erfðaskráin 1976 sé ógild fyrir þær sakir. Þar komi fram vilji arfláta og sé unnt að framkvæma þann vilja, verði skráin ekki vefngd á grundvelli 38. gr. erfðalaga. Það séu engar líkur til, að Anna hefði horfið frá því að heiðra minningu Stefáns Jónssonar, þó henni hefði orðið það ljóst, að hún mátti ekki ráðstafa í þeim tilgangi nema hálfum eignum búsins. Afleiðingin að þessu verði aðeins sú, að sá helmingur eignanna, sem henni var heimilt að ráðstafa með erfðaskrá, gangi til þess að fullnægja þeim vilja hennar, sem komi svo ljóslega og eindregið fram í erfðaskránni frá 1976. Það valdi engan veginn ógildi erfðaskrár, þó erfitt kunni að reynast að framkvæma vilja þann, er þar kemur fram. Í þessu tilfelli sé ekkert fram komið um það, að framkvæmd verði ómöguleg.

Við úrskurð á máli þessu er fyrst á það að líta, að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, sem gerð var 5. janúar 1950, hafði ekki verið afturkölluð eða henni breytt, er Stefán Jónsson féll frá. Var hún bindandi fyrir þær erfðaráðstafanir, er Anna S. Aradóttir kynni að gera, þannig að henni var óheimilt að ráðstafa þeim arfshlutum, er samkvæmt skránni skyldu ganga til lögerfingja Stefáns. En þar eð hún lét ekki eftir sig lifserfingja, var henni frjálst að gera erfðaráðstafanir um hluta þann, er skyldi falla til hennar eigin lögerfingja.

Með erfðaskránni 5. mars 1976 gerir Anna þá ráðstöfun, að langsamlega mestur hluti eigna búsins gangi til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar á nánar tiltekinn hátt og að þessar eignir skuli haldast sem ein heild í þessum tilgangi.

Þegar lítið er á uppskrift þá, er hefur farið fram í búinu, liggur í augum uppi, að með þessu hefur Anna S. Aradóttir farið langt út fyrir þau mörk, sem henni voru heimil varðandi erfðaráðstafanir. Og þegar jafnframt er aðgætt annars vegar sú ríka áhersla, sem hún sýnist leggja á það, að eignirnar gangi sem ein heild til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar, en hins vegar að fullkomin óvissa er um það, hvernig hún hefði hagað ráðstöfunum sínum í þessu skyni, hefði henni verið ljóst, að hún hafði ekki erfðaráðstöfunarvald nema á helmingi verðmætis eigna búsins, þá þykir ekki annað vera fyrir hendi en að synja erfðaskránni 5. mars 1976 gildis sem skiptagrundvelli í búi þesu, þó þannig, að 1. og 2. gr., sem fjalla um

gjafir til Stefáns Benkovic Mikaelssonar og Skógræktarinnar á Hallormsstað, skulu halda gildi sínu.

Málskostnaður á að falla niður í skiptaréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Erfðaskrá Önnu S. Aradóttur, gerð 5. mars 1976, verður ekki lögð til grundvallar við skipti á búi þessu að öðru leyti en því, að greiða skal Stefáni Benkovic Mikaelssyni kr. 1.000.000 og Skógrækt ríkisins á Hallormsstað kr. 2.000.000.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1983.
Nr. 11/1981. **Fiskmiðlun Suðurnesja h/f**

(Gardar Gardarsson hdl.)
gegn

Ólafi Gíslasyni
(Jón Finnsson hrl.).

Skipstjórnarmenn. Uppsögn. Sjóveðréttur. Fyrning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda reikningslega, og vaxtakröfu er ekki andmælt.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, var stefnda sagt upp skiprúmi 19. febrúar 1979. Hann hóf lögsóknina með stefnu, birtri 12.